

## VATNSVEITUREGLUGERÐ

fyrir

Seyðisfjarðarkaupstað.

### 1. gr.

Bæjarsjóður hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er, á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

### 2. gr.

Bæjarstjórnin leggur vatnsæðar um bæinn, svo víða sem fært þykir og þörf krefur, svo húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í götu, vegi eða opnu svæði, er lóðir þeirri liggja að, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrir en svo er. Frá vatnsæðum þessum leggja húseigendur vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

Sé sérstaklega kostnaðarsamt að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, getur hann krafið sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kys að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati.

### 3. gr.

Þeim, sem húa utan vatnsveitusvæðisins, er heimilt að gera vatnsból og veita til sín vatni því, sem um lóð þeirra rennur eða á henni er, en gæta skal þess, að öðrum, sem tilkall eiga til þess vatns, verði sem minnstur bagi að vatnstökunni.

### 4. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðaður við fasteignamatsverð húseigna, og má eigi fara fram úr 5% af fasteignamatsverði á neinni húseign.

Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og á þá, sem hafa vatnshana utan húss.

Skip, sem taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, og verður það gjald einnig ákveðið í gjaldskránni.

### 5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl og 1. september, og greiðist helmingur gjaldsins á hvorum gjalddaga. Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu nemur, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

## 6. gr.

61  
14. júní

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir sammingsveði og aðfararveði.

## 7. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitu kaupstaðarins, svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, ef eigi næst samkomulag.

## 8. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggjum hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigöndum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni, samkvæmt ákvæðum 7. gr.

## 9. gr.

Bæjarstjórn löggildir vatnsvirkjara, setur þeim erindisbréf og ákveður kaup þeirra. Þeim einum er heimilt að leggja vatnsæðar frá aðalæðum í hús og um þau og breyta vatnsæðum.

## 10. gr.

Hús- og lóðaeigöndum er skylt að halda vatnsveitum sínum vel við, verja þær frosti og láta gera tafarlaust við þær, ef þær bila.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum vatnsvirkjurum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar eru, til að athuga þær og tæki, sem eru í sambandi við þær.

## 11. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna frosthættu eða aðgerða á vatnsveitukerfinu. Eignig er þeim heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem, þrátt fyrir áminningu, vanrækja að gera við vatnsæðar sínar eða tæki í sambandi við þær, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt. Fullan vatnsskatt skal greiða, þó vatnsæðum sé lokað af þessum ástæðum.

## 12. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar og setja hreyfi- vélar í samband við hana, án leyfis bæjarstjórnar.

## 13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggir við að lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

61

14. gr.

14. júní

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 14. júní 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*

62

## G J A L D S K R Á

14. júní

fyrir

**vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.**

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiði 2½% af fasteignamatsverði húseigna sinna.
2. Fyrir vatn í sildar eða kjötpækil skal greiða 5 auru fyrir hverja tunnu sildar og 10 auru fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til fiskþvottar 10 auru fyrir hvert skippund fiskjar.
4. Fyrir hvert vatnssalerni 5 kr. á ári.
5. Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 1,50 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 10,00 fyrir fiskiskip og kr. 20,00 fyrir öll önnur skip. Bæjarstjórnin getur, fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjöld af þeim.
6. Fyrir aðra notkun ákveður bæjarstjórnin gjald, þegar ástæða þykir til. Gjöld þessi getur bæjarstjórnin hækkað allt að 20% eða lækkað allt að 40%.

1. liður gjaldskrárinnar kemur eigi til framkvæmda fyrr en árið 1931.